

Ritstjórar 4. útgáfu *Handbókar í lyflækisfræði*. Frá vinstri: Davíð O. Arnar, Ari Jóhannesson, Runólfur Pálsson og Sigurður Ólafsson.



## Handbók í lyflækisfræði í nýrri og endurbættri útgáfu

■ ■ ■ Hávar Sigurjónsson

*Handbók í lyflækisfræði* kemur út á næstu vikum í fjórðu útgáfu og hefur tekið verulegum breytingum frá 3. útgáfu sem kom út árið 2006 og hefur notið mikilla vinsælda. Bókin hefur nýst fjölmörgum, ekki síst unglæknum í starfsnámi og læknanemum.

Tveir nýir ritstjórar, lækarnir Davíð O. Arnar og Sigurður Ólafsson, bættust í ritstjórn en fyrir voru þeir Ari Jóhannesson og Runólfur Pálsson.

„Hlutverk ritstjóranna var að hafa frumkvæði að efnisvali, koma með faglegar ábendingar, annast samskipti við höfunda, hönnuð og útgefanda, og síðast en ekki síst lagfæra texta og samræma framsetningu,“ segja ritstjórar í inngangi.

Að sögn ritstjóra er höfuðmarkmiðið með *Handbók í lyflækisfræði* að styðja við skynsamlega nálgun og meðferð helstu vandamála í lyflækningum þar sem mið er tekið af aðstæðum á Íslandi. „Það skal tekið skýrt fram að efni bókarinnar er eingöngu leiðbeinandi. Við klíniska ákvarðanatöku eru sveigjanleiki og innsæi hverjum lækni jafnmikilvægir þættir og bók sem þessi eða aðrar heimildir. Ábyrgðin á sjúklingum hvílir enda á herðum hans en ekki höfunda,“ segja ritstjórar.

Í formála segir: „Tiltölulega langur tími frá fyrri útgáfu hefur kallað á umtalsverða endurskoðun á efni þótt vissulega sé það nokkuð misjafnt eftir köflum. Í nokkrum tilvikum hefur sú leið verið farin að skipta upp efni eldri kafla. Þannig er fjallað um notkun blóðhluta í sérstökum kafla og hið sama gildir um ofnæmis- og ónæmissjúkdóma og meðferð við ógleði. Þá lítur dagsins ljós nýr kafli um bráðalyf en vöntun þótti vera á handhægum upplýsingum á einum stað um helstu lyf til nota í bráðatilvikum.

Til verulegra bóta er að bókinni fylgir núna efnisorðaskrá. Ætti það að auðvelda mjög alla leit í bókinni. Mesta nýmælið er þó að auk prentaðrar útgáfu verður *Handbók í lyflækisfræði* gefin út rafrænt.“

Að sögn ritstjórnar var lögð sérstök áhersla á að nota íslensk íðorð þar sem því varð við komið. Telja ritstjórar það miklu skipta að íslenskir lækna hugsi og tjái sig á móðurmálinu við dagleg störf sín. Benda þeir á að ritháttur sá sem viðhafður er í bókinni hefur í mörgum tilvikum orðið öðrum höfundum fyrirmynd við ritun lækisfræðitexta. „Því má velja fyrir sér hvort þörf sé á íslenskri handbók um lyflækisfræði í ljósi þess að fjölmargar er-



lendar bækur eru fáanlegar um þetta efni. Það er álit okkar að bók sem þessi sé gagnleg viðbót, ekki síst þar sem hún hefur sérstaka tilvísun í vinnulag og nálgun sem hefur þróast hérlendis. Vinsældir fyrri útgáfa bókarinnar styðja þetta algerlega.

*Handbók í lyflækisfræði* ætti að nýttast breiðum hópi lesenda, svo sem sérfræðingum í lyflækningum, heilsugæslulæknum, deildarlæknum, aðstoðarlæknum og læknanemum. Ekki síst er það von okkar að útgáfa hennar ýti undir áhuga ungra lækna á lyflækisfræði,“ segir ritstjórn.